

Starfsreglur farsældarráðs Vestfjarða

1. Markmið og tilgangur

- 1.1. Markmið starfsreglna þessara er að útfæra nánar hlutverk og verkefni farsældarráðs Vestfjarða (hér eftir nefnt ráðið), stjórnar ráðsins, starfshópa og spretthópa ásamt verkefnum verkefnastjóra ráðsins.
- 1.2. Tilgangur starfsreglna þessara er að tryggja að starfshættir ráðsins séu í samræmi við almenna góða starfs- og stjórnarhætti.

2. Almennt

- 2.1. Farsældarráð Vestfjarða er samstarfsvettvangur opinberra aðila, sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila sem sinna málefnum barna og fjölskyldna á Vestfjörðum. Ráðið hefur það hlutverk að stuðla að farsæld barna með samþættingu þjónustu, samráði, stefnumótun og eftirfylgd verkefna. Farsældarráð Vestfjarða skal vinna sem ein heild og skal meðal annars:
 - a. samræma aðgerðir og þjónustu þeirra sem koma að málefnum barna,
 - b. stuðla að upplýsingamiðlun og samstarfi milli stofnana og sveitarfélaga,
 - c. fylgjast með þróun þjónustu og leggja fram tillögur um úrbætur,
 - d. stuðla að því að raddir barna og foreldra komi að mótun þjónustu,
 - e. setja á fót spretthópa og starfshópa eftir þörfum.

3. Farsældarráð

- 3.1. Í ráðinu skulu eiga sæti fulltrúar stofnana á svæðinu sem skilgreindar eru sem þjónustuveitendur skv. lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 (hér eftir nefnd farsældarlög) auk annarra aðila sem teljast mikilvægir þátttakendur í svæðisbundnu samráði.
- 3.2. Hlutverk farsældarráðs er að styðja við stefnumótun og samhæfingu þjónustu í samræmi við farsældarlög.
- 3.3. Farsældarráð skal setja fram aðgerðaráætlun á fjögurra ára fresti eins og kveðið er um í 5. gr. farsældarlaga.
- 3.4. Til stuðnings ráðinu starfar stjórn sem ber ábyrgð á innleiðingu og eftirfylgni með ákvörðunum ráðsins. Stjórn vinnur að undirbúningi aðgerðaáætlunar og tryggir tengingu við þjónustukerfi og fagfólk.

4. Stjórn farsældarráðs

- 4.1. Þegar sveitarfélög skipa fulltrúa í ráðið skulu þau einnig tilnefna fulltrúa til að taka sæti í stjórn ráðsins. Sveitarfélögum er heimilt að koma sér saman um skipun eins fulltrúa í stjórn fyrir fleiri en eitt sveitarfélag. Stjórnin skal skipuð 5-7 fulltrúum, formanni og þremur varafulltrúum.
- 4.2. Stjórn skal kjósa sér formann úr hópi stjórnarmanna. Formaður er kosinn með einföldum meirihluta og ef atkvæði falla jöfn ræður hlutkesti.
- 4.3. Stjórnin starfar í umboði ráðsins og gegnir lykilhlutverki í að brúa bil milli stefnumótunar og framkvæmdar. Stjórn er skipuð til fjögurra ára í senn.
- 4.4. Stjórn ráðsins ber ábyrgð á að framfylgja ákvörðunum ráðsins í samstarfi við verkefnastjóra farsældar og viðeigandi þjónustuveitendur. Hún hefur það hlutverk að tryggja virka tengingu við stjórnsýslu, þjónustukerfi og stofnanir og leikur lykilhlutverk í mótun aðgerðaáætlunar farsældarráðs. Stjórn er falið það mikilvæga hlutverk í kortlagningu og greiningu á svæðisbundnum styrkleikum og áskorunum á málefnasviði ráðsins. Hlutverk stjórnar er að:
 - a. stýra daglegu starfi ráðsins á milli funda,
 - b. undirbúa mál til afgreiðslu í ráðinu,
 - c. hafa yfirumsjón með starfi spretthópa og starfshópa,
 - d. annast framkvæmd ákvarðana ráðsins,
 - e. Sækja fræðslu og endurmenntun.
- 4.5. Stjórn skiptir með sér verkum eftir því sem þörf er á. Stjórn getur í sérstökum tilvikum falið einstökum stjórnarmönnum, einum eða fleirum, tiltekin mál til athugunar og undirbúnings afgreiðslu á stjórnarfundi og fundi farsældarráðs og skal bókað um slíkt í fundargerð.
- 4.6. Þegar nýr stjórnarmaður tekur sæti í stjórn skal hann upplýstur um helstu lög sem gilda um ráðið, samþykktir þess og innri reglur. Nýr stjórnarmaður skal fá aðgang að þeim gögnum sem hann þarf til að geta sinnt störfum sínum fyrir ráðið við fyrsta tækifæri. Stjórnarmaður getur óskað eftir sérstökum kynningarfundum með verkefnastjóra áður en störf hefjast þar sem hann fær upplýsingar og leiðsögn um starfshætti stjórnar og málefni ráðsins.
- 4.7. Ákveði stjórnarmaður að hætta stjórnarstörfum skal hann senda stjórn og verkefnastjóra tilkynningu þess efnis. Varamaður skal taka sæti í stjórn þangað til að nýr stjórnarmaður hefur tekið til starfa. Sveitarfélag fráfarandi stjórnarmanns skal skipa nýjan stjórnarmann eins fljótt og unnt er.

5. Verkefnastjóri farsældarráðs

- 5.1. Verkefnastjóri er starfsmaður ráðsins og skal hafa náið samráð við sveitarfélögin, kjörna fulltrúa sveitarfélaganna, fulltrúa ráðsins, stjórn, spretthópa og starfshópa.
- 5.2. Hlutverk verkefnastjóra er m.a. að:
 - a) halda utan um störf svæðisbundins farsældarráðs, boða fundi þess, rita fundargerðir og senda sveitarstjórnnum allra sveitarfélaga til kynningar,
 - b) halda utan um gerð áætlunar um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára, senda sveitarstjórnnum allra sveitarfélaga til staðfestingar og svo Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála,
 - c) halda utan um gerð skýrslu um framvindu áætlana um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða á tveggja ára fresti, senda sveitarstjórnnum allra sveitarfélaga til kynningar og svo Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála,
 - d) sinna öðrum þeim verkefnum sem ráðið felur viðkomandi og fellur að tilgangi og markmiði samnings þessa.

6. Fundir farsældarráðs

- 6.1. Ráðið skal halda tvo fundi á ári í hið minnsta. Einn að vori í mars/apríl og einn að hausti í september/október.
- 6.2. Fundarboð skal sent út með minnst tveggja vikna fyrirvara nema nauðsyn sé til annars.
- 6.3. Fundargerðir skulu ritaðar og vera aðgengilegar.

7. Fundir stjórnar farsældarráðs

- 7.1. Stjórn farsældarráðs skal funda eftir þörfum en níu sinnum á ári í hið minnsta.
- 7.2. Fundarboðun skal send út með minnst viku fyrirvara nema nauðsyn sé til annars.
- 7.3. Fundargerðir skulu ritaðar og vistaðar í sameiginlegu skjalakerfi stjórnar.

8. Spretthópar og starfshópar

- 8.1. Stjórn getur stofnað spretthóp til þess að vinna að verkefnum með skýran tímaramma. Spretthópar eru stofnaðir þegar aðgerðir hafa í för með sér samstarf ólíkra fagstétta og hópa.
- 8.2. Spretthóparnir starfa samkvæmt erindisbréfi sem stjórnin samþykkir og fela í sér markmið, tímaramma og verklag.

- 8.3. Starfshópar geta verið skipaðir til lengri tíma til þess að sinna tilteknum málaflokkum eða viðfangsefnum. Starfshópar hafa það meginmarkmið að styrkja samráð og stuðning sín á milli þjónustuveitenda á Vestfjörðum sem sinna sambærilegu hlutverki.
- 8.4. Starfshóparnir skulu funda regulega eftir því sem hóparnir ákveða. Starfshóparnir starfa samkvæmt erindisbréfi sem stjórnin samþykkir.

9. Samskipti og samráð

- 9.1. Ráðið skal leggja áherslu á gagnsæi og samráð í öllu starfi.
- 9.2. Allir fulltrúar skulu sýna gagnkvæma virðingu og kurteisi í öllum samskiptum, bæði á fundum og utan funda. Umræður skulu fara fram á faglegum og uppbyggilegum grunni, þar sem hlustað er á ólík sjónarmið.
- 9.3. Við ákvarðanatöku skal tryggja að sjónarmið barna og foreldra komi fram með viðeigandi hætti.
- 9.4. Tryggja skal að allir fulltrúar fái jöfn tækifæri til að koma að umræðum og ákvörðunum. Forðast skal að einstakir aðilar eða stofnanir hafi of mikil áhrif á niðurstöður. Leitast skal við að tryggja lýðræðislega og gagnsæja málsmeðferð.
- 9.5. Komi upp ágreiningur innan ráðsins eða stjórnar skal fyrst reynt að leysa hann með samtali og sáttamiðlun innan hópsins. Ef ekki tekst að ná sátt skal vísa málinu til formanns eða verkefnastjóra sem leiðir málamiðlun. Markmið er að leysa mál með virðingu og án þess að skerða traust innan ráðsins.
- 9.6. Ráðið skal upplýsa almenning, fagfólk og samstarfsaðila reglulega um helstu verkefni og niðurstöður.

10. Ábyrgð, eftirfylgd og gildistaka

- 10.1. Stjórnin og verkefnastjóri bera ábyrgð á að starfsreglum sé fylgt.
- 10.2. Starfsreglurnar skulu endurskoðaðar á tveggja ára fresti og lagðar fyrir ráðið til samþykktar.
- 10.3. Reglur þessar taka gildi við stofnun Farsældarráðs Vestfjarða.